

✉ Re: 202101132 - Ósk um umsögn - skipulagslýsing - aðalskipulagsbreyting

Búið til	25.5.2021 10:47:27
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	25.5.2021 10:47:26
Tilheyrir	📁 202105-0021 - Umsögn við lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi vegna efnistöku á Suðurfjörum Hornafirði.

Efni

Re: 202101132 - Ósk um umsögn - skipulagslýsing - aðalskipulagsbreyting

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	25.5.2021 10:47:26	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill			
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	brynja@hornafjordur.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202105-0021 (SS).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar, dags. 14. maí 2021, þar sem óskað er eftir athugasemdum Náttúrufræðistofnunar Íslands á skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna efnistöku á Suðurfjörum, Hornafirði.

Um er að ræða athugun á gæði efnis fyrir mögulega frekari efnistöku í framtíðinni. Í skipulagslýsingu stendur: *Markmið með aðalskipulagsbreytingunni væri að skilgreina heimild til efnistöku fyrir allt að 2.000 m³ á svæði/svæðum sem samanlagt verða undir 25.000 m². Efnið verður harpað á staðnum og flutt út til frekari rannsókna. Ef rannsóknir á efninu koma vel út og fyrirhugað verður að fara í vinnslu efnis verður gerð önnur breyting á aðalskipulagi og metið hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.*

Svæðið er í dag á gildandi aðalskipulagi skilgreint sem strandsvæði. Um nokkuð stórt svæði er að ræða og liggur ekki fyrir nákvæm staðsetning fyrirhugaðrar efnistöku eða hvort um eina eða fleiri námur verði að ræða. Gera má ráð fyrir nákvæmari útfærslu í deiliskipulagi.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framangreinda skipulagslýsingu og bendir á eftirfarandi:

- Um lítt raskað svæði er að ræða og eins og kemur fram í lýsingunni er svæðið hluti af stærri tillögu að verndarsvæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að verði á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi, fjöruvistgerða og fugla. Á þessum hluta er það einkum fuglalíf sem ber að huga að þó ólíklegt sé að efnistaka í sandfjöru hafi mikil áhrif á varp fugla í votlendi þar skammt frá. Tegundir sem verpa í sendnu búsvæði geta þó orðið fyrir beinum áhrifum.

- Eins og kemur fram í lýsingunni eru landselir algengir á svæðinu og gæta þarf þess að framkvæmdir við efnistöku valdi ekki of miklu ónæði fyrir seli. Landselur er á valista yfir spendýr og metinn í bráðri hættu.
- Fuglalíf er mikið á þessum slóðum en að sögn Björns Arnarsonar á Hornafirði er nánast ekkert fuglavarp á vesturhluta Suðufjara, þ.e. á þeim slóðum sem fyrirhugað er að vinna efni.
- Áhrif efnistökkunnar verður væntanlega mest á ásynd strandlendis. Þó áætlað magn efnistöku sé lítið þá ráðast ásyndaáhrif einnig af staðsetningu og fjölda efnistökkustaða. Huga þarf vandlega að vali á efnistökusvæðum með tilliti til sýnileika sem og frágangi þannig að ásyndaráhrif séu sem minnst.
- Aðalskipulagsbreytingin fjallar ekki um vegabreytingar. Ekki er skilgreindur neinn vegur á gildandi aðalskipulagi frá þjóðvegi niður að áætluðu efnistökusvæði. Á loftmynd er greinilegur slóði sem væntanlega verður notaður, en líklegt er að styrkja þurfi slóðann til að vinnuvélar og flutningabílar geti komist þangað. Sá slóði liggur m.a. meðfram Hólmsá þar sem hætta er á vatnavöxtum og árfarvegur mjög óreglulegur. Vegagerð myndi valda mun meira raski og ásyndaráhrifum en áætluð efnistaka og því er nokkuð sérkennilegt að ekki er fjallað um þetta atriði í lýsingunni að aðalskipulagsbreytingunni. Huga þarf að mögulegri vegagerð eða umbótum á slóða í umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar sem og áhrifum af þungaflytningum á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda skipulagslýsingu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Brynja Dögg Ingólfssdóttir" <brynja@hornafjordur.is>
To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>
CC: "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "Sveinn Sveinsson - VG" <sveinn.sveinsson@vegagerdin.is>; "Puríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>
Subject: 202101132 - Ósk um umsögn - skipulagslýsing - aðalskipulagsbreyting
Date: 14.5.2021 17:40:54

Komið þið sæl

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögn við lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi vegna efnistöku á Suðurfjörum.

Bæjarstjórn samþykkti þann 11. mars 2021 að auglýsa lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér að heimila efnistöku fyrir allt að 2.000 m³ í Suðurfjörum skammt vestan Hornafjarðar í landi Borgar.

Helstu markmið breytingarinnar er að skilgreina heimild til efnistöku fyrir allt að 2.000 m³ á svæði/svæðum sem samanlagt verða undir 25.000 m². Efnið verður harpað á staðnum og flutt út til frekari rannsókna. Ef rannsóknir á efninu koma vel út og fyrirhugað verður að fara í vinnslu efnis verður gerð önnur breyting á aðalskipulagi og metið hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 26. maí 2021 og skal skila skriflega á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is (mailto:skipulag@hornafjordur.is)

Kveðja

Brynja Dögg Ingólfssdóttir

Umhverfis- og skipulagsstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður

470 8000



samvinna - heiðarleiki -metnaður

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur, ásamt viðhengi, gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál og eru eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 5. Mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar.

Please note that this e-mail and its attachments is intended for the exclusive use of the person or entity to which it is addressed. Any review, disclosure, dissemination or other use of, or taking of any action in reliance upon, this information by others than the intended recipient is prohibited by law. If you are not the intended recipient, please notify the sender and delete the message.

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.png (3 KB)